



Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2018

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Niðurstöður	4
3	Fjárveitingar og rekstur	5
3.1	Fjárveitingar	5
3.2	Rekstrarátlanir	5
3.3	Niðurstöður	5
4	Innra eftirlit.....	6
4.1	Inngangur	6
4.2	Umfjöllun	6
4.3	Niðurstöður	6
5	Fylgni við lög og reglur.....	7
5.1	Inngangur	7
5.1.1	Samþykkt reikninga og styrkja	7
6	Endurskoðun rekstrarliða	8
6.1	Launamál.....	8
6.2	Styrkveitingar	8
6.3	Annar rekstrarkostnaður.....	8
6.4	Niðurstöður	8
7	Endurskoðun efnahagsliða	9
7.1	Eignir	9
7.1.1	Handbært fé.....	9
7.2	Skuldir	9
7.2.1	Óhafin framlög	9
7.2.2	Umsýslufé	9
7.2.3	Aðrar skammtímaskuldir.....	10
7.2.4	Niðurstöður.....	10
8	Önnur atriði	11
8.1	Staðfesting ársreiknings	11
8.2	Óhæðisyfirlýsing.....	11

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Framleiðnisjóðs landbúnaðarins fyrir árið 2018.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Vakin er athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins var síðast endurskoðaður fyrir árið 2017.

2 Niðurstöður

Endurskoðun fyrir árið 2018 var án athugasemda.

Áritun með ársreikningi var án fyrirvara en þar kemur m.a. fram að það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins 31. desember 2018, afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

3 Fjárveitingar og rekstur

3.1 Fjárveitingar

Fjárveitingar ársins 2017 námu samtals 127,0 m.kr. Rekstrargjöld að frádregnum tekjum urðu 164 þús. kr. hærrí en fjárveitingar gerðu ráð fyrir.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárveitingum og rekstri á árinu 2018 og rekstri ársins 2017.

Í þús. kr.	Fjárveiting	Rekstur	Frávik	Rekstur
	2018	2018	2018	2017
Framlag úr ríkissjóði	-127.000	-127.000	0	-127.500
Laun	9.200	14.945	-5.745	14.394
Önnur rekstrargjöld	8.100	5.913	2.187	6.391
Tilfærslur	109.700	115.403	-5.703	110.331
Sértekjur	0	-9.097	9.097	-7.713
Samtals	0	164	-164	-4.097

3.2 Rekstraráætlanir

Gerð var rekstraráætlun fyrir Framleiðnisjóð í upphafi árs sem afgreidd var á fyrsta fundi stjórnar. Auk þess var rekstraráætlun skilað til Fjársýslu, sem fylgst var með mánaðarlega.

3.3 Niðurstöður

Ekki komu fram athugasemdir við skoðun á fjárveitingum sjóðsins.

4 Innra eftirlit

4.1 Inngangur

Forstöðumaður Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, eða eftir atvikum stjórn, ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseinnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

4.2 Umfjöllun

Við upphaf endurskoðunar var gerð áhættugreining fyrir sjóðinn. Markmiðið með áhættugreiningu er að þekkja og meta áhættu á verulegum skekkjum bæði vegna mistaka og svika. Þá byggist endurskoðunin einnig á gagnaskoðun allra helstu þátta rekstrar og efnahags. Eftirlitsumhverfið var metið. Hjá sjóðnum er einn fastur starfsmaður. Stjórnarformaður sér um fjármál. Einnig kemur að málum fyrrverandi forstöðumaður en hann annast uppfærslu bókhalds, uppgjör og afstemmingu bankareikninga. Þannig skapast verkaskipting milli fjármála og bókhalds.

4.3 Niðurstöður

Innra eftirlit er talið virkt hjá sjóðnum þrátt fyrir fámenni og takmarkaða möguleika á verkaskiptingu.

5 Fylgni við lög og reglur

5.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárveitingar í kafla 3.

5.1.1 Samþykkt reikninga og styrkja

Reikningar eru samþykktir af formanni stjórnar og úthlutaðir styrkir eru í samræmi við samþykktir í fundargerðum sjóðsins.

6 Endurskoðun rekstrarliða

6.1 Launamál

Farið var yfir launaframkvæmd og kannað hvort farið væri eftir tilskildum reglum. Ekki eru gerðar athugasemdir.

6.2 Styrkveitingar

Veittir styrkir sjóðsins námu 133,7 m.kr. en til lækkunar voru fyrndir eldri styrkir að fjárhæð 18,3 m.kr. Úthlutun og afgreiðsla framlaga var í samræmi við verklagsreglur.

Framleiðnisjóður annast auk þess vörslu fjármuna vegna þróunarverkefna í garðyrkju, nautgriparækt og sauðfjárrækt en fagrað búgreina gera tillögu um styrkveitingar en sjóðurinn sér um greiðslu þeirra. Auk þess sér sjóðurinn um vörslu markaðssjóðs sauðfjárafurða og greiðslu styrkja úr honum. Ráðstöfun vörslusjóða er ekki hluti af styrkjum sjóðsins.

Ekki eru gerðar athugasemdir við endurskoðun styrkveitinga.

6.3 Annar rekstrarkostnaður

Aðrir kostnaðarliðir voru kannaðir með samanburði milli ára og skoðun fylgiskjala. Ekki eru gerðar athugasemdir.

6.4 Niðurstöður

Endurskoðunin var án athugasemda.

7 Endurskoðun efnahagsliða

Í árslok 2018 námu eignir 310,9 m.kr., skuldir 244,8 m.kr. og eigið fé nam 66,1 m.kr.

Í m.kr.	2018	2017	Breyting
Eignir:			
Handbært fé	310,9	277,4	33,5
Eignir alls	310,9	277,4	33,5
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	66,1	66,3	-0,2
Skuldir:			
Óhafin framlög	121,8	101,8	20,0
Umsýslufé	122,3	108,7	13,6
Aðrar skammtímaskuldir	0,7	0,6	0,1
Skuldir alls	244,8	211,1	33,7
Eigið fé og skuldir alls	310,9	277,4	33,5

7.1 Eignir

7.1.1 Handbært fé

Handbært fé nam 310,9 m.kr. Þar af nam umsýslufé 122,3 m.kr. Gengið var út skugga um að innstæður á bankareikningum væru í samræmi við bankayfirlit. Afstemmingar voru staðfestar án athugasemda.

7.2 Skuldir

7.2.1 Óhafin framlög

Samkvæmt verklagsreglum sjóðsins skulu loforð um styrki fyrnast á tveimur árum, hafi þau ekki verið nýtt að neinu leyti. Á árinu voru óhafin framlög alls að fjárhæð 18,3 m.kr. fyrnd vegna þess. Óhafin framlög að teknu tilliti til þess námu alls 121,8 m.kr. í árslok 2018.

7.2.2 Umsýslufé

Umsýslufé nam 122,3 m.kr. í árslok 2018. Við endurskoðun var staðfest skipting umsýslufjár milli verkefna.

7.2.3 Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skuldir voru kannaðar.

7.2.4 Niðurstöður

Endurskoðun efnahagsliða var án athugasemda.

8 Önnur atriði

8.1 Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins fyrir árið 2018 var staðfestur af stjórn sjóðsins og áritaður með fyrirvaralausri áritun af Ríkisendurskoðun þann 21. febrúar 2019.

8.2 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá sjóðnum.



Ríkisendurskoðun
Bréttartúni 7 - 105 Reykjavík
Sími 569-7100

postur@rikisendurskodun.is - www.rikisendurskodun.is